

Öðlast þær gildi frá og með 23. marz 1943, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 47

18. marz

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Strandasýslu.

48

22. marz

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kaupsúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að umferð tálmi.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, kemur saman á, eða ætluð eru til afnota fyrir almenning, svo sem torg, brýr, bryggjur, bólvirki, leikvelli, skeiðvelli og fjárréttir.

Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða, ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að aðhafast, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturro manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða hafast neitt það að, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Á fjölförnum götum, vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má enginn vera að leikjum, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindrað geta umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þau sleða, handvagn eða annað, sem valdið getur óþægindum eða hættu.

48

22. marz

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri. Á almannafæri má ekki heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnnum eða sprengiefnum. Ekki má kasta þar frá sér steinum, glerbrotum, snjóköggjum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar, á eða nálægt almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina, hver framkvæmi verkið, og bera bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta getur stafað af.

7. gr.

Enginn má vera dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímdansleik eða álfadans. Enginn má hegða sér hneykslanlega á almannafæri með orðum, látbragði eða athæfi, svo sem með því að viðhafa ósæmileg orð, ganga í búníngi, sem misbýður velsæmi, fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning eða annars staðar svo nærri umferð eða mannabústöðum, að hneyksli geti valdið.

9. gr.

Drukknun mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammí hávaða, ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur.

Hinir drukknun menn skulu sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til þess að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri eða annars staðar, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á endurgreiðslukröfu á hendur hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til þess að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferð.

12. gr.

Án leyfis lögregluvaldsins má enginn selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannafæri. Börnum og unglingum er þó leyfilegt að selja þar aðgöngumiða að íþróttasýningum og dagskrár, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

13. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða á húslóðir, né fara inn í hús annarra.

14. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum eða annars staðar á almannafæri. Byssu skal ávallt bera þannig, að hlaupið viti upp. Gaddahrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotið af, má ekki flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hættu geti stafað af.

15. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferð frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Hlutaðeigandi stjórnarvald eða lögreglustjóri geta gert það að skilyrði fyrir framkvæmd starfana, að gætt sé þeirra öryggisráðstafana, sem þurfa þykir til þess að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Enn fremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir til þess að afstýra hættu. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

16. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóri komi til.

17. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða vegi, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Hlutaðeigandi stjórnarvald eða lögreglustjóri geta gert það að skilyrði fyrir framkvæmd starfana, að gætt sé þeirra öryggisráðstafana, sem þurfa þykir til þess að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Enn fremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir til þess að afstýra hættu. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist, til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri, á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vagfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni. Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hættu getur af stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafist þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim að hættulaust sé.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burtu, án þess að annað sé byggt á staðnum, þá er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hættu, óþrífnaður eða óþrýði af.

48

22. marz

19. gr.

Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má ekki hafa neitt það, sem fallið getur niður og valdið skaða á þeim, sem um fara, og ekki má heldur hengja neitt það utan á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera umráðamenn og eigendur húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

20. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

21. gr.

Hvarvetna, þar sem girðingarlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo hátt sé undir, að öruggt sé að riðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta, að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

22. gr.

Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt, t. d. eru illa járnaðir. Hesta eða aðra gripi má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur, píska eða annað, sem getur sakað hestana, má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

23. gr.

Það er bannað að riða eða aka móti skrudgöngum, líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

24. gr.

Riðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

25. gr.

Slökkviliðið er undanskilið umferðaákvæðum þessarar samþykktar. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því, svo fljótt sem unnt er. Sama gildir um sjúkra-vagna.

26. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum, ef slík umferð álist hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

27. gr.

Ef gangandi eða riðandi menn eru á leið yfir brú, er bifreið eður að, skal bifreiðin nema staðar á veginum við brúarendann og biðja þar til mennirnir eru komnir fram hjá eða yfir brúna, enda skulu þeir ekki tefja för sína að óþörfu.

48

22. marz

28. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki eftir þeim reglum er segir í lögum nr. 25 16. júní 1941, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann eður bifreiðinni aftur á bak. Bifreiðarstjóri ber ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

29. gr.

Ef bifreiðastjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur er á vegi þeim, er hann eður um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en 20 km á klukkustund, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálftan km í einu.

30. gr.

Þegar bifreiðastjóri mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðastjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá eða út af vegi. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðastjóri gera rekstrarmönnum aðvart um að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, eða út af honum svo fljótt sem unnt er, til þess að bifreiðin geti komizt fram hjá. Ef rekstur kemst eigi fram hjá bifreið vegna þrengsla, skal bifreiðin aka til baka, þangað til nægilegt svigrúm fæst.

31. gr.

Framan á hverju reiðhjóli skal vera þjalla, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir horn eða gatnamót. Þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götum, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

32. gr.

Um umferð fer að öðru leyti eftir umferðalögum nr. 24 16. júní 1941 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, og þeim reglugerðum, sem settar eru eða verða samkvæmt þeim.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil, ágang búpenings o. fl.

33. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Strandasýslu, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða. Allir eru skyldir að gæta svo búpenings síns, alifugla og annarra húsdýra, að ekki valdi skemmdum á varplöndum, túnnum, ökrum eða engjum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður penings skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Sama regla gildir um korn- eða heystakka og mat-

48 jurtagarða, enda séu þeir löggirtir. Með sama hætti ábyrgjast menn tjón, er húsdýr
22. marz þeirra valda í beitolandi annarra, ef þeir eiga sök á því að landið beittist, löggirðing
er um það, eða það er lögfest. Heimilt er ferðamönnum að æja eykjum sínum í beiti-
landi annars manns eða í löggiltum áfangastað.

Ágang afréttarfjár, frá fjallrekstrum á vori og fram að réttum, ábyrgist eigandi
eða umráðamaður ekki. Sá er fyrir áganginum verður, má reka afréttarféð á miðjan
afrétt, heim til eiganda eða umráðamanns, eða láta það afskiptalaust.

34. gr.

Enginn má siga hundum á annan mann, eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann
verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér
í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann eru réttdræpir,
hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti getur lögreglan látið handsama og
auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa, og borgi áfallinn kostnað,
skal lóga slíkum hundum og köttum, ef enginn vill taka þá að sér.

V. KAFLI

Um friðun almenningseigna og fleira.

35. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum,
hvort heldur eru vegir, vatnsból, hverir, laugar, ölkeldur, vatnsveitumannvirki, bygg-
ingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björg-
unartæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota. Sama gildir um útvarpsútbúnað
einstakra manna.

36. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt
það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óþrýði. Enginn má heldur skemma
girðingar um hús, garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Ekki má skilja eftir opin
hlið, sem lokað verður. Bannað er að klifra yfir girðingar eða fara í gegnum þær, nema
með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla
nokkrum eignum í sýslunni, hver sem eigandinn er.

37. gr.

Grafreiti má ekki saurga á nokkurn hátt.

38. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka sér neinar nytjar, svo
sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað án leyfis landeiganda. Þó er
mönnum heimil berjataka í óræktuðu landi, til neyzlu á staðnum.

39. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstaði eða
þar, sem þeir á annan hátt koma saman á viðavangi, hvar sem er innan sýslunnar.
Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum,
bréfum og matarleyfum og öðru slíku, áður en staðurinn er yfirgefinn og hylja ruslið
í gróf eða gjótu eða flytja það burt. Flöskur má aldrei brjóta á viðavangi. Bannað
er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.

40. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

41. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

42. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestabók.

43. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til þess að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

44. gr.

Í veitinga- og samkomuhúsum má enginn hafa í frammi ofsalegt, athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

45. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kveldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

46. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

47. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til þess að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi, en hann getur falið hreppstjórnum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi. Leyfishafi skal greiða til þess, sem leyfið veitir, gjald í viðkomandi sveitarsjóð, 5—50 krónur. Upphæðin í hvert sinn

48 fer eftir ákvörðun leyfisveitanda. Leyfishafa skal skytt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Hon-
22. marz um er skytt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar og nægileg hrákaflát til staðar. Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, sem fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er lögreglustjóri eða hreppstjóri tekur gilda, til eftirlits allan samkomutímann.

Umsóknir um skemmtanaleyfi og veitingaleyfi skulu að jafnaði vera skriflegar.

Fari nokkuð það fram á samkomu, er brýtur í bága við góða reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

48. gr.

Heimilt er að banna, að almenn samkoma, sem háreysti getur valdið, sé haldin svo nærri húsi, sem sjúklingur er í, að honum geti stafað hætta af, sökum ónæðis, að dómi læknis.

49. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður, hve mikið gjald skuli greiða fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

50. gr.

Lögreglustjóri getur bannað sýningu á myndum, hvort sem það eru skugga-myndir eða kvikmyndir, sem að hans dómi eru siðspillandi. Barnaverndarnefnd getur og bannað, að láta börn horfa á myndir, sem hún telur, að geti haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

51. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

52. gr.

Enginn má á nokkurn hátt spilla neytluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám eða lækjum, lindum, vatnsleiðslum, þróm eða brunnum. Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum, að nokkur hætta sé á, að neytluvatn saurgist af.

53. gr.

48

22. marz

Stampa, opnar tunnur, fót eða önnur ilát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa þar nokkuð laust eða í ilátum, sem óðaun leggur af eða óþrifnaði veldur, óheilnæmi eða óþrýði. Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo að engan óðaun leggi af þeim, og svo vei umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur. Sorphauga, áburðarhaug, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenn-ingur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar. Skytt er að hafa salerni á hverju býli í sveitum og við hvert íbúðarhús í kaптúnunum, enn fremur skal skytt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

54. gr.

Bannað er að hella skolpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur. For, slor og annað þvilíkt, skal flytja í heldum ilátum eða vögnum um götur og alfaraveg, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennurnar.

55. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð þess, er lætur slátra.

56. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ilát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvöllinum ilát með loki undir sulli og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun, skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörð niður. Annars skulu sláturhússstjórar og aðrir, sem við slátrum fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

57. gr.

Skytt er lóðar- og húseigendum að hafa hreinlegt og þrifalegt í kringum hús sín, hreinsa burtu sorp og skran, lagfæra rústir, svo að hvorki stafi af þeim hætta né þau séu til lýta, viðhalda sæmilega girðingum og ástunda í hvívetna þrifnað og góða umgengni.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að þetta berist þangað. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafalaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til þess að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

58. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa, hver í sínum hreppi, eftirlit með því sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda, fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim, er síðar kunna að verða settar.

22. marz Viðauki, er taki til Borðeyrar-, Drangsness-, Hólmavíkur- og Gjögurkauptúns.

IX. KAFLI

Ákvæði til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferð.

59. gr.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri eða annars staðar þar sem það er til óþrífnaðar eða lýta, að dómi lögreglunnar.

60. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eiganda, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til þess að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu. Þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði viðkomið.

61. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

62. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kveldi og þar til birtir að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járn eða öðrum málm, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

63. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárn, laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt fjúki ekki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

64. gr.

Ekki má nota gaddavírgirðingar meðfram vegum í kaupúnum og hvergi nær íbúðarhúsum eða almannafæri en sex metra.

65. gr.

Báta, eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri, eða hvor um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður og innan þess frests er honum var settur.

66. gr.

48

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni 22. marz getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

X. KAFLI

Um umferð.

67. gr.

Það er stranglega bannað að riða hraðar en hægt brokk á götum kaptúnanna.

68. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kaptúnanna og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar. Hestar, sem staddir eru í kaптúni, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

69. gr.

Um götuhorn skal ekið í kröppum boga ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hest, eða vagn eða annað ökutæki, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest, vagn eða annað ökutæki, á gatnamótum eða fast við þau, eða þar, sem ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni.

70. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum og komið honum til varðveislu á kostnað þess, en flutningnum stýrir. Hest má aldrei binda úti við í kaптúnum, né láta standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi, að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíkan hest til varðveislu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaптúni, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á túnlóðum einstakra manna.

XI. KAFLI

Um skepnuhöld o. fl.

71. gr.

Enginn má hafa sauðfé heima í löndum hreppanna eða innan kaптúnanna á tímabilinu frá fjárrekstrum á vori til fjallskila á hausti, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu, að ágangur á land annarra geti eigi af hlotizt. Enginn má láta hross ganga laus í landi hreppanna nema í gripheldri girðingu sé. Sama gildir um nautpening.

Hænsni og aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði, eða öruggri vörzlu, á tímabilinu frá 10. maí til 30. september, svo að þeir geti ekki valdið öðrum tjóni.

48

22. marz

72. gr.

Hesta, nautpening, sauðfé og alifugla, sem ganga lausir í kaupþúnum á þeim tíma, sem óheimilt er að hafa þá þar samkvæmt framanskráðu, má lögreglan handsama. Sömuleiðis má sá, er fyrir ágangi gripa verður, handsama þá til bráðabirgða, og skal hann þá þegar skýra lögreglustjóra eða hreppstjóra frá því og öðrum málavöxtum.

Allan kostnað við handsömun og varðveizlu flækingspenings greiðir eigandi hans.

73. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti, ársögmlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfis árs eða eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kaupþúnanna.

74. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossa, sem koma til kaupþúnanna til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

75. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagabeit í landi kaupþúnanna, bæði hvernig hagabeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana.

76. gr.

Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með því, að hundar þeir, sem leyft er að hafa í kaupþúnum, séu hreinsaðir á hausti hverju.

XII. KAFLI

Um mannvirki og lóðir í kaupþúnum.

77. gr.

Enginn má í löndum kaupþúnanna rista torf eða strengi, stinga hnausa, rífa hrís eða lyng, taka grjótt, sand eða mól án leyfis og tilvísun hreppsnefndar.

Bannað er að kveikja í sinu eða öðrum gróðri í landi kaupþúnanna nema með leyfi hreppsnefndar.

Allt svæðið frá Sandskeri og inn að Stórugrund við Hólmavík skal friðað fyrir skotum.

78. gr.

Skylt er hverjum, sem tekur mó í löndum kaupþúnanna, að ganga svo frá gröfum og haga greftri svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka mó í landi kaupþúnanna, nema með leyfi og eftir tilvísun hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

79. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn, yngri en 12 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 9 á kvöldin á tímabilinu frá

21. september til 20. marz og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu frá 21. marz til 20. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum. 48

22. marz

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu né eiga erindi, að vera á bryggjum kaupþúnanna.

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

Foreldrar barnanna bera ábyrgð á því að fyrirmælum þessarar greinar sé hlýtt.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

80. gr.

Í húsum, sem opinberar samkomur eru haldnar í, skulu vera að minnsta kosti tvennar dyr, til útgöngu, og skulu hurðir falla út.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

XIV. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

81. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Strandasýslu. Þó gilda ákvæði annars þáttar aðeins um kaupþún þau, sem nefnd eru í fyrirsögn þáttarins.

82. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni. Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XV. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

83. gr.

Með mál, sem rísa kunna út af samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

84. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa for-eldrum eða forráðamönnum fyrir yfirsjónina.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

85. gr.

Ef einhver lætur ógert það, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, má lögreglustjóri láta fram-

22. marz 48 kvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

86. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 22. marz 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

49

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1942.

H ö f u ð s t ó l l :

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 119563.09
Aukning á árinu 1942, samkv. eftirfarandi reikn.	— 65.98
	Kr. 119629.07

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1. Veðdeildarbréf	kr. 30800.00
2. Jarðræktarbréf	— 17100.00
3. Kreppulánasjóðsbréf	— 8000.00
4. Veðskuldabréf	— 56750.00
5. Inneign í sparissjóðsdeild Landsbanka Íslands	— 6979.07
	Kr. 119629.07

T e k j u r :

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 1540.00
2. — — jarðræktarbréfum	— 940.50
3. — — kreppulánasjóðsbréfi	— 440.00
4. — — veðskuldabréfum	— 2970.00
5. — — bankainnstæðu	— 175.48
	Kr. 6065.98